

Fundargerð svæðisráðs Vatnajökulsþjóðgarðs - Suðursvæði 17. fundur

Fundur haldinn í ráðhúsi Hornafjarðar 5. janúar 2010 kl. 16.00. Mætt voru: Hjalti Þór Vignisson, Sigurlaug Gissurardóttir, Guðrún Ingimundardóttir, Björn Ingi Jónsson. Skúli Skúlason og Hrafnhildur Hannessdóttir voru í síma. Einnig: Regína Hreinsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Dagskrá.

1. Drög að verndaráætlun og stefnumótun.

Farið yfir drög að verndaráætlun og stefnumótun. Í umræðum kom fram að töluvert væri um endurtekningar, þörf væri á betri ritstýringu, draga þyrfti saman helstu aðgerðir og koma skýrar á framfæri því sem stefnt er að. Þá var bent á að það komi fram í reglugerð að ef eitthvað eigi að framkvæma innan þjóðgarðs að þá þurfi að hafa það í verndaráætlun. Mikilvægt væri að verndaráætlun væri stefnumótun en ekki stöðumat. Áður en farið verði í samráð þurfi að draga fram skýrari línur um að hverju eigi að stefna og einnig hvað verði bannað og hvað verði leyfilegt. Slíkar spurningar brenni á íbúum og hagsmunaaðilum.

2. Samráð

Eftirfarandi verkáætlun samþykkt.

5. jan miðvikudagur Fundur í svæðisráði

11. jan mánudagur Ritstýring

12. jan þriðjudagur Ritstýring

13. jan miðvikudagur Ritstýring

14. jan fimmtudagur Ritstýring

15. jan föstudagur Ritstýring

18. jan mánudagur Fundur í svæðisráði

20. jan miðvikudagur Fundur með ferðafélaginu, Samút, Skotvís, 4x4, björgunarfélagið og fjallafélaginu

21. jan fimmtudagur Fundur með landeigendum

22. jan föstudagur Fundur með atvinnurekendum sem starfa innan þjóðgarðs

25. jan mánudagur Fundur með stjórn ferðamála félagsins og stjórn Ríki Vatnajökuls

27.janmiðvikudagur Fundur í svæðisráði þar sem gengið verður frá 1. drögum að tillögu fyrir svæðið

30.janlaugardagur Almennur íbúafundur. Umræður á fundinum móta næstu skref.

Hvort svæðisráð sendir tillögur frá sér eða endurskoðar að hluta.

3. Önnur mál

· Spurt um fjárhagsstöðu þjóðgarðsins. Kom fram að skorið hefur verið niður framkvæmdafé en rekstur verði óbreyttur á árinu 2010. Von er á framkvæmdastjóra í janúar mánuði til að kynna rekstraráætlun.

· Sigurlaug fagnaði að þjóðgarðurinn hefði lengt opnunartíma og bætt þjónustu í Skaftafelli yfir vetrarmánuðina. Sagði þetta samdóma álit ferðaþjónustuaðila og meðal þeirra ríkir mikil ánægja með framtakið. Þetta hefði þegar leitt til aukningar á fjölda ferðamanna sem væri mikið hagsmunamál fyrir ferðaþjónustuna.

Fundi slitið 17.25